

Sumartími í ESB-ríkjum: Frakkar ætla að kanna hagkvæmni breytinga á klukkunni

Eftir Björn Bjarnason

Franska ríkisstjórnin ætlar að gera úttekt á gildi þess að taka upp sumartíma og flýta klukkunni um eina stund eins og gert var í löndum ESB aðfaranótt sunnudags 29. mars, síðasta sunnudags í mars. Ségolène Royal, umhverfisráðherra Frakka, boðaði þetta á Twitter-síðu sinni síðdegis laugardaginn 27. mars og brást þannig við óánægju Frakka vegna þessara breytinga á klukkunni en síðasta sunnudag í október er henni seinkað um eina stund – sumar- og vetrartími er lögbundinn innan ESB.

Á Twitter sagði ráðherrann: „Breyting á klukkunni: Frakkar efast um áhrif þess til orkusparnaðar sem er tilgangurinn, ráðuneytið mun sannreyna það. Eftir að ráðuneytið hefur gert úttekt sína á réttmæti breytinga á klukkunni mun það birta niðurstöðurnar vegna ákvörðunar á næsta ári.“

Netkönnun á vegum Le Figaro sýnir að 75% lesenda vefsíðu blaðsins vilja að hætt verði við sumartíma en aðeins 25% vilja halda í hann.

Markmiðið með því að flýta klukkunni um eina stund að sumri er að stuðla að orkusparnaði með því að fella vöku- og vinnutíma fólks betur að gangi sólar og birtu. Umhverfis- og orkusparnaðarstofnun Frakklands bendir á að flestir fari á fætur milli sex og sjö á morgnana, um vetur birtu um klukkan 08.00 en um 06.00 á sumrin. Til að dagrenning sé jafnan um klukkan 07.00 er klukkunni breytt segir stofnunin í skýringu sinni. Stofnunin segir að með því að laga klukkuna að birtu megi hafa mikil áhrif á orkunýtingu og útblástur á CO₂, árið 2009 hafi mátt spara 440gwh af raforku á þennan hátt og minnka útblástur koltvísýrings um 440.000 tonn. Þetta jafngildi orkunýtingu og útblástri í 800.000 manna borg. Segir stofnunin að þessu markmiði megi ná „með nánast engri fyrirhöfn“.

Í evrópskum fjölmiðlum segir að þessi hugmynd um að breyta klukkunni hefði kannski aldrei komið til sögunnar nema vegna þess að Benjamín Franklín þjáðist af svefnleysi. Hann var sendiherra Bandaríkjanna í París og varð vitni að mannauðum götum borgarinnar snemma á sólbjörtum sumarmorgni. Hann sagði að menn gætu sparað sér ljósmeti með því að fara fyrr af stað á morgnana og ganga fyrr til náða á kvöldin. Georges Vernon-Hudson, vísindamaður á Nýja-Sjálandi, endurvakti hugmyndina einni öld síðar og henni var hrundið í framkvæmd í fyrri heimsstyrjöldinni. Tilgangurinn var að spara kol til almenningsnota svo að meira mætti nota af þeim til hernaðar. Að stríðinu loknu hættu menn að breyta klukkunni en gerðu það að nýju í seinna stríðinu 1939 til 1945. Síðan hófu Ítalir að taka upp sumartíma árið 1966.

Hinn 28. mars 1976 var sumartími innleiddur í Frakklandi í fyrsta sinn. Var það gert sem hluti af áætlun sem bar heitið: Okkur skortir eldsneyti en ekki hugmyndir. Mátti rekja hana til olíuverðhækkana á fyrstu árum áttunda áratugarins. Olli ólíkur tími í Frakklandi og nágrennalöndum ýmsum vandræðum, til dæmis vegna lestarferða. Árið 1998 var ákveðið á vettvangi Evrópusambandsins að þar skyldi vera sumar- og vetrartími.

Það eru ekki allir sannfærðir um gildi rakanna um orkusparnað að baki breytingum á klukkunni. Í Frakklandi starfar L„Association contre l“heure d‘été (ACHED) - Samtökin gegn sumartíma. Félagar í þeim sjá ekkert nema vankanta á þessu hringli með klukkuna. Það sé fráleitt að hafa ekki annað en olíu og kol í huga nú á tímum þegar rætt sé um orkunýtingu. Þá hafi ný tegund af ljósaperum leitt til mikils orkusparnaðar. Þá sé ekki unnt að bera saman orkuneyslu nú og áður meðal annars með vísan til þess að loftkælingartæki séu mun algengari nú en þá.

Andstæðingar sumartímans benda einnig á að það hafi slæm áhrif á líkamsstarfsemina að breyta klukkunni. Bent er á að þegar farið sé inn á þetta svið með umræðurnar sé ekki um neina einhlíta niðurstöðu að ræða.

Heimild: Le Figaro